

Margra mánaða regn á einum degi

Nú virðist hafa dregið verulega úr úrkomunni á Siglufirði. Mest rigndi kl. 10.00-12.00 í gær, 22,7 mm. Úrkoman milli kl. 11.00 og 12,00 11,6 mm á einni klukkustund, samsvarar 278 mm sólarhringsúrkomu. Það er nálægt Íslandsmetinu frá Kvískerjum, 293 mm, sem mun vera met við Norður-Atlantshaf.

Frá kl. 09.00 í gærmorgun til kl. 09.00 í morgun mældist úrkoman á Sauðanesi, vestan Strákaganga, 114,7 mm. Frá miðnætti til miðnættis var úrkoman á Siglufirði 97,0 mm, skv. upplýsingum á vefsíðu Veðurstofunnar. Það mun vera svipuð úrkoma eins og að jafnaði á Akureyri í júní, júlí og ágúst – í þrjá mánuði.



Myndir: Hreiðar Jóhannsson og Sveinn Þorsteinsson.

Texti: Jónas Ragnarsson.